

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 21. febrúar 1965 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á staðgreini-reit 1.463.1 sunnan Suðurlandsbrautar nr. 46 breytist úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 22. febrúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarsveitar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.